

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Akranesi.

1. gr.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem byggingarfulltrúinn á Akranesi veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

2. gr.

	kr.
Byggingarleyfisgjald:	
Afgreiðslugjald (fast gjald)	4.000
Gjald pr. m ³	40
Framkvæmdaleyfisgjald: (heild)	4.000
Tímabundin stöðuleyfi: fyrir hjólhýsi, gáma o.fl.	4.000
Vottorð:	
Fokheldisvottorð	5.000
Stöðuúttektarvottorð	5.000
Úttektir:	
Einbýlishús, parhús og raðhús á 1 hæð	30.000
(að meðaltali 10 útt. + lokaúttekt)	
Einbýlishús, parhús og raðhús á 2 hæðum	35.000
Fjölbýlishús (til og með 6 íbúðir)	35.000
Viðbót vegna fleiri íbúða (kr. pr. íbúð)	5.000
Annað húsnæði	52.000
Minni byggingar (gripahús o.þ.h.)	10.000
Stöðuúttektir	5.000
Úttekt vegna skipta á meistara/byggingastjóra	5.000
Húsaleiguúttektir (íbúðir)	5.000
Húsaleiguúttektir (atvinnuhúsnæði)	7.500
Úttekt vegna vínveitingaleyfis	5.000
Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	4.000
Mælingagjald: Útsetning húss og lóðar (tvær mælingar).....	60.000
Yfirferð séruppráttar: Heimilt er að innheimta gjald sem nemur sannanlegum útlögðum kostnaði vegna yfirferðar séruppráttar.	

3. gr.

Byggingarleyfisgjald endurgreiðst ekki þótt leyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi. Sé byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal greiða afgreiðslugjald.

4. gr.

Byggingarleyfisgjöld ásamt gjöldum fyrir úttektir og mælingar eru ákvörðuð og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis. Önnur gjöld gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

5. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2003 og skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni í janúar ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, samkvæmt heimild í 53. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og samkvæmt heimild í 27. og 29. grein byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Pannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness þriðjudaginn 13. maí 2003.

Akranesi, 13. maí 2003.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.

AUGLÝSING**um flutningsjöfnunargjald á sementi.**

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.560 frá 1. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements á sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum solumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 195, 14. mars 2002.

Viðskiptaráðuneytinu, 22. maí 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING**um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.**

Breyting á skipulagi við Smiðsbúð 12 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Smiðsbúð 12 í Garðabæ. Breytingin felst í að heimilt verður að hafa lokað skýli á lóðarmörkum á austurhluta lóðar í stað opins skýlis áður. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.